

## REGLUR

### um breytingu á reglum um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000.

#### 1. gr.

##### 2. gr. orðist svo:

Allar bryggjur skulu búnar vel færum stigum. Þeir skulu ná 1,5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð, vera með auðveldri uppgöngu yfir bryggjukant og málaðir með rauðgulri endurskinsmálningu. Nægjanlegt er þó að mála innbak á þilplötu innan við stigann í fyrrnefndum lit 2 - 3 m niður frá kanti. Ljós skal vera efst í hverjum stiga, nema á flotbryggjum. Lýsingu á bryggjum skal hagað þannig að stigarnir sjáist greinilega. Á flotbryggjum skulu stigarnir ná 1,0 m niður fyrir sjávarborð.

Til viðmiðunar er hér sett sú vísiregla, að hámarksbil milli stiga á nýjum bryggjum sé 15 m. Stigana skal staðsetja eins og heppilegast er talið með tilliti til öryggis. Á flotbryggjum skal vera einn stigi á viðlegubás, en bil milli stiga þó ekki yfir 8 - 15 m eftir aðstæðum.

#### 2. gr.

##### 3. gr. orðist svo:

Á hverju aðskildu hafnarsvæði, en þá er átt við að fjarlægð til næstu viðlegu sé meiri en 200 m mælt eftir eðlilegri gönguleið, skulu vera a.m.k. tveir bjarghringir, tveir krókstjakar a.m.k. 6 m langir og tvö björgunarnet/björgunarlykkja. Stjakarnir skulu málaðir rauðgulri endurskinsmálningu.

Björgunartæki þessi skulu geymd á greinilega merktum, aðgengilegum og upplýstum stöðum.

#### 3. gr.

##### 5. gr. orðist svo:

Á hverju hafnarsvæði skal vera a.m.k. einn bjölluskápur sem tengdur er viðurkenndri vaktstöð sem er á sólahrings vakt, s.s. Neyðarlínan (112), slökkvilið eða lögregla. Við bjölluskápur skal vera blátt leiðbeiningarljós og merking líkt og á brunaboða.

#### 4. gr.

##### 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Bryggjukantar skulu málaðir að innanverðu með áberandi ljósgulum lit eða auðkenndir með gulum endurskinsmerkjum 7x50 sm stórum sem komið er fyrir með 50 sm millibili milli merkja.

*Samgönguráðuneytinu, 2. október 2002.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Jóhann Guðmundsson.*